

2. maí 1972.

189

Nr. 83.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu
og vegna viðgerðar á varðskipinu Þór.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán allt að 45 millj. kr. vegna kaupa á þyrlu og allt að 48 millj. kr. vegna endurnýjunarviðgerðar á varðskipinu Þór.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1972.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

9. maí 1972.

Nr. 84.

L Ö G

um breyting á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. lið 2. gr. laganna bætist: hagnýtingar jarðfræðilegar kannanir, m. a. vegna neytluvatnsleitar og, ef við á, gegn greiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1972.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Magnús Kjartansson.